Gerðarþoli (-ar): Elín Berglind Skúladóttir og Jón Ásgeir Pétursson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íbúðalánasjóður.
Fjárhæðir krafna í kr.: 1.747.297.

2015017601)

Sýslumaðurinn á Norðurlandi
eystra,

28. september 2015.

Halla Einarsdóttir ftr.

(2015017600

Útgáfud.: 5. október 2015

Nauðungarsala - Vestmannaeyjar

Eftirtalin beiðni um nauðungarsölu til fullnustu kröfu um peningagreiðslu verður tekin fyrir á skrifstofu embættisins Heiðarvegi 15, Vestmannaeyjum, 5. nóvember 2015 kl. 09.30 hafi hún ekki áður verið felld niður:

Heiti eignar: Skólavegur 1,
Vestmannaeyjum.

Fastanr.: 218-4547.*Gerðarþoli (-ar):* Austurstræti 3 ehf..

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn í
Vestmannaeyjum.

Fjárhæðir krafna í kr.: 6.508.494.

2015017668)

Sýslumaðurinn í
Vestmannaeyjum,
1. október 2015.

Lára Huld Guðjónsdóttir.

(2015017667

Útgáfud.: 1. október 2015

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Borgartúni 26, Reykjavík á neðangreindum tíma.

Skiptafundurinn er haldinn til þess að gera grein fyrir helstu ráðstöfunum við búskiptin. Þá verður gerð grein fyrir mögulegu skaðabótamáli á hendur nákomnum aðila, sem og innsetningargerð sem kemur til álita að ráðast í. Á fundinum verður óskað eftir afstöðu kröfuhafa til þessara mála, þ.m.t. hvort þeir séu tilbúnir til að ábyrgjast kostnað vegna þeirra. Þess er að vænta að skiptum verði lokið með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. á fundinum, ef niðurstaðan verður sú að ráðast ekki í frekari aðgerðir vegna framangreinds.

Þrotabúi, nafn:

Benedikt Sveinsson ehf.,
kt. 560210-0190,
síðasta heimilisfang:

Skiptafundur:

8. október 2015,
kl. 10.00

Skútuhrauni 3b, Hafnarfirði

Reykjavík, 23. september
2015.

F.h. Heimis Arnar
Herbertssonar hrl.,
Þórhallur Bergmann hdl.

(2015017577

Útgáfud.: 30. september 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 7. janúar 2015 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 23. september 2015 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Varsla ehf.,
kt. 480708-0400,
Efstasundi 80, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 3.634.925

Reykjavík, 21. september
2015.

Katrín Oddsdóttir hdl.

(2015017218

Útgáfud.: 29. september 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 23. júní 2015 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 17. september 2015 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Gunnar Helgi Oddsson,
kt. 210874-5509,
Burknavöllum 5, Hafnarfirði

Lýstar kröfur:

kr. 11.908.659

Reykjavík, 21. september
2015.

Hannes J. Hafstein hdl.

(2015017382

Útgáfud.: 30. september 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 3. júlí 2015 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 16. september 2015 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

BB3 ehf.,
kt. 540710-0310,
Bjallavaði 1-3, Reykjavík

Lýstar kröfur:

Kröfur skv. 113. gr. alls að
fjárhæð kr. 9.281.086.

Reykjavík, 25. september
2015.

Guðbjarni Eggertsson hrl.

(2015017563

Útgáfud.: 30. september 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 3. júlí 2015 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 25. september 2015 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

ÍS9 ehf.,
kt. 620509-1400,
Krummahólum
Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 4.331.949

10,

Hafnarfirði, 25. september
2015.

Hjalti Steinþórsson hrl.

(2015017564

Útgáfud.: 30. september 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 10. júní 2015 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 23. september 2015 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

MH Málun ehf.,
kt. 530513-0330,
Núpabakka 25, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 4.549.370

Seltjarnarnesi, 28. september
2015.

Ásgeir Björnsson hdl.

(2015017568

Útgáfud.: 30. september 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 10. júní 2015 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 23. september 2015 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

MTC ehf. (áður Mercatura
ehf.),
kt. 490604-3240,
Brúnavogi 1-3, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 29.495.803

Seltjarnarnesi, 28. september
2015.

Ásgeir Björnsson hdl.

(2015017569

Útgáfud.: 30. september 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 3. desember 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 29. september 2015 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Jónína Kristmanns Ingadóttir, kr. 27.335.572
kt. 230974-3149,
Smáratorgi 3, Kópavogi

Lýstar kröfur:

Kópavogi, 29. september
2015.

F.h. Kristjáns
Valdimarssonar hdl.,

Svanhvít Yrsa Árnadóttir hdl.

(2015017570

Útgáfud.: 30. september 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 5. desember 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 25. september 2015 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Knútur Knútsson,
kt. 170461-2829,
Flatahrauni 1, Hafnarfirði

kr. 129.452.141

Reykjavík, 25. september
2015.

Guðrún H. Brynleifsdóttir hrl.

(2015017571

Útgáfud.: 1. október 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Austurlands uppkveðnum 23. júní 2015 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 21. september 2015 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Sveinn Engilbert Óskarsson,
kt. 280672-4679,
Miðtúni 1, Seyðisfirði

kr. 43.720.088

Egilsstöðum, 23. september
2015.

Bjarni G. Björgvinsson hrl.

(2015017581

Útgáfud.: 1. október 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 8. júlí 2015 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 29. september 2015 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Ólafur Gottskálksson,
kt. 120368-4199,
Tjarnarbraut
Reykjanesbæ

kr. 29.378.769

16,

Reykjavík, 29. september
2015.

Valgerður Valdimarsdóttir hdl.

(2015017587

Útgáfud.: 1. október 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 19. mars 2015 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 25. september 2015.

Skiptum lauk þann 25. september 2015 með úthlutunargerð úr þrotabúinu, en samkvæmt henni greiddust kr. 2.197.474 upp í forgangskröfur sem voru samtals kr. 2.870.696, eða 76,55 hundraðshlutar. Ekkert greiddist upp í almennar kröfur.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

GB06 ehf.,
kt. 550606-1940,
Álftatúni 25, Kópavogi

Forgangskröfur kr.
2.870.696. Almennar kröfur
kr. 70.864.639

Reykjavík, 29. september
2015.

Magnús Pálmi Skúlason hdl.

(2015017588

Útgáfud.: 2. október 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 30. október 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 30. september 2015 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:**Lýstar kröfur:**

Axel Már Waltersson,
kt. 240673-3719,

kr. 54.379.700

Skógarbraut
Reykjanesbæ

1101,

Reykjavík, 30. september
2015.

Sif Magnúsdóttir hdl.

(2015017590

Útgáfud.: 2. október 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum 3. apríl 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 23. september 2015. Forgangskrafa greiddist að fullu og upp í almennar kröfur greiddust kr. 1.592.563. Ekkert fékkst upp í eftirstæðar kröfur.

Nafn bús:

Innnesverk ehf.,
kt. 430510-1420,
Krókatúni 11, Akranesi

Lýstar kröfur:

Forgangskrafa kr. 670.472.
Almennar kröfur kr.
17.611.029. Eftirstæðar
kröfur kr. 54.360.

Borgarnesi, 23. september
2015.

Ingi Tryggvason hrl.

(2015017591

Útgáfud.: 2. október 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 10. desember 2014 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 25. september 2015 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Karlsvagninn ehf.,
kt. 501202-3120,
Skúlagötu 12, Reykjavík

Lýstar kröfur:

kr. 12.121.761

Reykjavík, 25. september
2015.

F.h. Helga Þórs
Þorsteinssonar hdl.,
Þórhallur Bergmann hdl.

(2015017625

Útgáfud.: 5. október 2015

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 15. maí 2015 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Samtals var lýst kröfum að fjárhæð kr. 5.370.660 auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta. Engum forgangskröfum skv. 112. gr. gþl. var lýst.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 26. ágúst 2015 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús:

Ben Media ehf.,
kt. 510308-0340,
Búðarflöt 3, Garðabæ

Lýstar kröfur:

kr. 5.370.660

Selfossi, 30. september 2015.

**Torfi Ragnar Sigurðsson
hrl.**

(2015017692

Útgáfud.: 30. september 2015

Auglýsing um deiliskipulag í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Stangarholt 3-11.

Umhverfis og skipulagsráð Reykjavíkur samþykkti þann 2. september 2015 og borgarráð Reykjavíkur þann 17. september 2015 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar nr. 3-11 við Stangarholt. Reiturinn afmarkast af Stangarholti. Upphaflegt deiliskipulag hlaut ekki formlega löggildingu á sínum tíma og er því auglýst nú til samþykktar og skráningar. Í tillögunni felst m.a. skipting lóðar fyrir fjölbýlishús annars vegar og leikskóla hins vegar. Á lóðinni Stangarholt 3-9 er fjölbýlishús og á lóðinni Stangarholt 11 er leikskóli. Að auki er gert ráð fyrir, vestan megin lóðar, byggingarreit fyrir einnar hæðar færanlega skólastofu við leikskólann Nóaborg og gangstétt verði gerð í stað almennra bílastæða við götuna. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillagan liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8.20-16.15, frá 30. september 2015 til og með 11. nóvember 2015. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðunni, www.reykjavik.is, undir skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega, til umhverfis- og skipulagsviðs, b.t. skipulagsfulltrúa eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 11. nóvember 2015. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur.

(2015017557

Útgáfud.: 1. október 2015

Auglýsing um skipulag - Reykhólahreppur

Hreppsnefnd Reykhólahrepps samþykkti á fundi sínum 20. ágúst 2015 að auglýsa samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu að deiliskipulagi fyrir Tröllenda í Flatey. Á athafnasvæði við ferjuhöfn í Flatey er komið fyrir fjórum byggingarlóðum. Skilgreind er lóð fyrir gamlan geymsluskúr sem stendur vestan við fiskvinnsluhús, vatnstank, oliutank, fjarskiptamastur og lóð undir nýbyggingu norðaustast á svæðinu.

Við gildistöku þessa deiliskipulags fellur úr gildi deiliskipulag fyrir oliubirgðarstöð og rafstöðvarhús í Flatey sem samþykkt var 20. október 2000.

Skipulagsuppráttur með greinargerð liggur frammi á skrifstofu Reykhólahrepps frá 1. október til 13. nóvember 2015. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, www.reykholar.is. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Reykhólahrepps að Mariútröð 5a eða á netfangið skrifstofa@reykholar.is fyrir 13. nóvember 2015 merkt „deiliskipulag fyrir Tröllenda í Flatey“.

Reykhólum, 24. september 2015.

Bogi Kristinnson Magnusen
skipulags og byggingarfulltrúi

(2015017573

Útgáfud.: 1. október 2015

Auglýsing um skipulag - Dalabyggð

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum 15. september að auglýsa samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, tillögu að deiliskipulagi fyrir Tjaldanesland 2, Saurbæ, Dalabyggð.

Deiliskipulagið tekur til 4,9 ha landspildu. Gert er ráð fyrir að byggja allt að 200m² íbúðarhús og 40m² gestahús/geymslu. Mesta hæð á mæni getur verið allt að 7m m.v. hæð jarðvegs umhverfis húsin. Aðkoma að Tjaldaneslandi 2 verður um Ásveg nr. 5961 og um nýjan veg sem verður lagður frá Salthólmavík.

Skipulagsuppráttur með greinargerð liggur frammi á skrifstofu Dalabyggðar frá 1. október til 13. nóvember 2015. Ennfremur verða gögnin aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins, www.dalir.is. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu Dalabyggðar Miðbraut 11, 370 Búðardal, eða á netfangið bogi@dalir.is fyrir 13. nóvember 2015, merkt „deiliskipulag Tjaldanesland 2“.

Dalabyggð, 25. september 2015.

Bogi Kristinnson Magnusen
skipulags og byggingarfulltrúi.

(2015017579

Útgáfud.: 2. október 2015

Innanríkisráðuneytið auglýsir kynningu á skipulagsreglum fyrir Egilsstaðaflugvöll.

Í samræmi við heimild í 59. gr. laga um loftferðir, nr. 60 frá 1998, hefur innanríkisráðherra ákveðið að setja skipulagsreglur fyrir Egilsstaðaflugvöll. Reglurnar hafa m.a. að geyma fyrirmæli um starfsemi og starfsheimildir innan flugvallarins, reglur um hindranafleti í nágrenni flugvallarins og á aðflugs- og fráflugsleiðum að flugvöllinum auk reglna um notkun sýnilegra lasergeisla sem nauðsynlegar eru vegna öryggis flugvallarstarfseminnar. Hindranafletirnir hafa í för með sér hæðartakmarkanir á byggingum og öðrum mannvirkjum á áhrifasvæði vallarins í sveitarfélaginu Fljótsdalshéraði. Drög að reglunum hafa verið kynnt fulltrúum sveitarfélaga í nágrenni vallarins.

Tilgangur og markmið reglnanna er:

- Að marka skýra og gagnsæja stefnu um leyfða starfsemi innan flugvallarins,
- að tryggja flugöryggi vallarins með því að binda í skipulag hæðartakmarkanir sem nauðsynlegar eru vegna öryggis flugvallarstarfseminnar og reglur um notkun sýnilegra lasergeisla sem nauðsynlegar eru vegna öryggis flugvallarstarfseminnar,
- að einfalda umfjöllun og ákvarðanatöku um starfsemi innan vallarins og hæðir húsa innan og í nágrenni flugvallarins.

Með reglunum er verið að setja nánari reglur um starfsemi innan flugvallarins en gert er í deiliskipulagi. Þá er verið að festa í sessi með skipulagi hindranafleti vallarins, þ.e. takmarkanir á hæðum húsa á tilteknum svæðum, sem unnið hefur verið eftir hingað til. Eru hindranafletir þessir byggðir á skilgreiningum alþjóðlegra skuldbindinga (t.d. Chicago samningnum), lögum um loftferðir nr. 60 frá 1998 og reglugerð um flugvelli.

Tillaga að skipulagsreglum fyrir Egilsstaðaflugvöll er hér með auglýst til kynningar en tillagan er til sýnis í flugstöðinni á Egilsstöðum frá og með 5. október til og með 16. nóvember 2015. Hægt er að nálgast tillöguna á heimasíðu Innanríkisráðuneytisins, <http://www.innanrikisraduneyti.is> og á heimasíðu ISAVIA ohf. <http://www.isavia.is>.

Skorað er á fasteignaeigendur á Fljótsdalshéraði og aðra hagsmunaaðila að kynna sér fyrirbyggjandi drög að reglum. Athugasemdir eða ábendingar við tillöguna skulu vera skriflegar og berast Innanríkisráðuneytinu, Sölvhólsgötu 7, 150 Reykjavík, ekki seinna en 16. nóvember. Eftir þann tíma verður ekki tekið við athugasemdum. Litið er svo á að þeir sem gera ekki athugasemdir við tillöguna teljist samþykkir henni.

Eftir kynningartíma verða athugasemdir og ábendingar sem berast teknar til ítarlegrar athugunar. Verði ákveðið að ráðast í breytingar á tillögunni vegna athugasemdana verða slíkar breytingar kynntar hlutaðeigandi áður en gengið verður endanlega frá reglunum. Auglýsing um gildistöku reglnanna verður birt í Lögbirtingablaðinu. Nánari upplýsingar veitir Atli Björn Levy hjá Isavia ohf., netfang: atli.levy@isavia.is, sími: 424-4100.

Innanríkisráðuneytinu, 29. september 2015.

Sigurbergur Björnsson skrifstofustjóri.

(2015017597)

Útgáfud.: 5. október 2015

Auglýsing um skipulag - Hafnarfjarðarbær

Deiliskipulagsbreyting.

Vellir 3. áfangi, Kirkjuvellir 8 og Kirkjuvellir 12.

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 1. sept. 2015 að auglýsa tillögu að breytingunni í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í að lóðinni Kirkjuvellir 8 er breytt úr lóð fyrir verslun, þjónustu og íbúðir, í lóð fyrir eingöngu íbúðir. Nýtingarhlutfall lóðar nr. 8 verður 0,7 án kjallara og 0,8 með kjallara. Á lóðinni verða tvö þriggja hæða hús með samtals 28 íbúðum. Lóðinni Kirkjuvellir 12 er breytt úr lóð fyrir tvö sambyggð íbúðarhús í lóð með tveimur þriggja hæða frístandandi húsum með samtals 28 íbúðum. Nýtingarhlutfall lóðar nr. 12 verður 0,7 án kjallara og 0,8 með kjallara.

Tillagan verður til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðar, Strandgötu 8-10 og hjá skipulags- og byggingarsviði, Norðurhelli 2, frá 5. október til 16. nóvember 2015. Hægt er að skoða deiliskipulagstillöguna á forsiðu vefs Hafnarfjarðarbæjar, www.hafnarfjordur.is. Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði. Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 16. nóvember 2015. Þeir sem eigi gera athugasemdir við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir henni.

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.

(2015017670)

Útgáfud.: 30. september 2015

Stefna - til greiðslu skuldar

Aðilar máls:

Stefnandi: Lánasjóður íslenskra námsmanna, kt. 710169-0989, Borgartúni 21, Reykjavík.

Stefndu: Svavar Guðmundsson, kt. 090368-3899, Lindasmára 41, Kópavogi og Guðrún Sigríður Laukka, kt. 021169-4639, óþekkt heimili.

Fyrirsvar: Fyrirsvarsmaður stefnanda er framkvæmdastjóri hans Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir, kt. 290658-7219, Borgartúni 21, Reykjavík.

Dómkrafa: Að stefndi Svavar verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 3.776.857 ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af kr. 213.904 frá 17. nóvember 2011 til 1. mars 2015, en af kr. 338.684 frá þeim degi til 8. maí 2015,

en af kr. 3.776.857 frá þeim degi til greiðsludag.

Að stefnda Guðrún Sigríður verði dæmd til að greiða stefnanda kr. 3.562.953 in soldinum með stefnda Svavari, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001,

af kr. 124.780 frá 1. mars 2015 til 17. nóvember 2015,

en af kr. 3.562.953 frá þeim degi til greiðsludags.

Þá er þess krafist að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda málskostnað skv. framlögðum málskostnaðarreikningi eða að skaðlausu samkvæmt mati dómsins, að viðbættum 24% virðisaukaskatti. Kröfunr. 546-14749.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Sigurbjörn Þorbergsson hrl., Suðurlandsbraut 4a, Reykjavík, rekur mál þetta f.h. stefnanda.

Málsástæður og helstu málsatvik: Krafa stefnanda er vegna námslána stefnda sem hann tók hjá stefnanda. Til skuldarinnar var stofnað með útgáfu skuldabréfs nr. G-003802, sem gefið var út þann 11.7.2005 upphaflega að fjárhæð kr. 2.240.236. Skyldi lánið vera verðtryggt miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs. Grunnvísitala skuldabréfsins er 239,7 stig. Lánið skyldi bera breytilega vexti sem aldrei verða hærri en 3% ársvextir af höfuðstól skuldarinnar, nú 1% ársvextir sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 478/2011. Með áritun á skuldabréfið tókst Guðrún Sigríður Guðrúnardóttir (nú Laukka), kt. 011169-4639, tókst á hendur sjálfskuldarabyrgð til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á höfuðstól fyrir allt að fjárhæð 2.240.236, ásamt vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum og öllum kostnaði ef vanskil verða. Skyldi höfuðstóll sjálfskuldarabyrgðarfjárhæðarinnar breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 239,7 stig.

Stefna á hendur Guðrúnu Sigríði er birt í Lögbirtingablaði með vísan til a. liðar 89. gr. laga nr. 91/1991. Guðrún er með skráð lögheimili í Frakklandi skv. þjóðskrá. Leitað var upplýsinga hjá frönsku innheimtufyrirtæki, Order to cash, um heimilisfang Guðrúnar í Frakklandi. Við þá leit kom í ljós að stefnda Guðrún hafði flutt heimili sitt til Svíþjóðar á tiltekið heimilisfang. Bréf var sent stefndu Guðrúni á heimilisfangið í Svíþjóð, en bréfið var endursent með þeim skilaboðum að hún væri flutt. Samkvæmt upplýsingum frá Profína International, sem er sænskt innheimtufyrirtæki, var leitað að heimilisfangi stefndu Guðrúnu í opinberum skráum í Svíþjóð. Við þá leit fannst heimilisfang stefndu ekki. Stefnda er með óþekkt heimili og því nauðsynlegt að birta stefnu fyrir henni í Lögbirtingablaðinu.

Vanskil urðu á endurgreiðslu námslánsins allt frá gjalddaga þann 1. mars 2010 og var skuldin öll gjaldfelld samkvæmt heimild í skuldabréfinu sjálfu þann 08. apríl 2015. Nánari sundurliðun kröfunnar er sem hér segir:

Gjalddagi	Upphæð kr.
1. mars 2010	105.574
1. mars 2011	108.330
1. mars 2015	124.789
8. apríl 2015	3.438.173

Eða alls kr. 3.776.857 sem er stefnufjárhæð þessa máls á hendur stefnda Svavari. Gerð er krafa á stefndu Guðrúnu fyrir

gjaldþaga 1. mars 2015 og gjaldfellingarfjárhæðinni. Stefnandi byggir á því að stefndi hafi með undirritun sinni á skuldabréf vegna námsláns nr. G-003802 skuldbundið sig til að endurgreiða námslánið í samræmi við þá skilmála sem fram koma í skuldabréfinu. Stefnandi byggir á því að með áritun sinni á skuldabréfið sjálft hafi stefnda Guðrún Sigríður tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu lánsins í samræmi við skilmála skuldabréfsins.

Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er stefnanda nauðsyn að fá dóm fyrir kröfu sinni.

Mál þetta er rekið sem skuldabréfamál eftir ákvæðum XVII. kafla laga nr. 91/1991 samkvæmt ákvæðum skuldabréfsins.

Vísan til helstu lagaákvæða: Vísað er til meginreglu kröfu- og samningaréttar um efndir fjárskuldbindinga og meginreglu kröfuréttar um skuldbindingargildi ábyrgðaryfirlýsingar. Þá vísar stefnandi til laga nr. 21/1992 um Lánasjóð íslenskra námsmanna, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um málkostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991. Um varnarþing vísast til ákvæða bréfsins sjálfs og 3. mgr. 42. gr. laga nr. 91/1991. Krafa um virðisaukaskatt styðst við 1. nr. 50/1988, en stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og því nauðsyn að fá dæmdan virðisaukaskatt úr hendi stefndu.

Helstu sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram til sönnunar kröfum sínum skuldabréf, greiðslufirlit og innheimtubréf ásamt öðrum gögnum eins og nánar greinir í skrá á dskj. 2.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að leggja fram frekari gögn og hafa uppi frekari málsástæður gefist tilefni til.

Fyrirkall: Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða ella að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þriðjudaginn 17. nóvember 2015 kl 10.00 árdegis er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til saka að svara og dóm að þola. Ef ekki er mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við að útvistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er 3 sólarhringar hjá stefnda Svavari.

Stefnufrestur er einn mánuður hjá stefndu Guðrúnu.

Reykjavík, 23. september 2015.

F. h. stefnanda,

Sigurbjörn Þorbergsson hrl.

(2015017559

Útgáfud.: 2. október 2015

Stefna - til ógildingar á tryggingarbréfi

Dómstjóri héraðsdóms Vestfjarða,

Sigríður Elsa Kjartansdóttir,

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Björn Jóhannesson hrl., kt. 110363-7299, Skippholti 50 d, Reykjavík, að hann þurfi fyrir hönd Gísla Jóns Kristjánssonar, kt. 180762-4779, Fagraholti 3, Ísafirði, að höfða mál fyrir héraðsdómi Vestfjarða til

ógildingar á tryggingarbréfi í hans eigu.

Dómkröfur: Að ógilt verði með dómi tryggingarbréf, útgefið 27. október 2000, af Arnari Kristjánssyni, kt. 010350-4769 og Sigrúnu Baldursdóttur, kt. 070954-4199, fyrir hönd stjórnar Bratts ehf., kt. 540900-2480, Góuholti 8, Ísafirði, að fjárhæð kr. 6.000.000, upphaflega tryggt með 2. veðrétti og uppfærslurétti í skipinu Ísborg ÍS-250, skipaskrárnúmer 0078, sem innfært var í þinglýsingarbók sýslumannsins á Ísafirði 3. nóvember 2000 og er með þinglýsingarnúmerið A-00842/2000.

Fyrirsvar: Undirritaður lögmaður, Björn Jóhannesson hrl., Skippholti 50 d, Reykjavík, rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda, Gísla Jóns Kristjánssonar, Fagraholti 3, Ísafirði.

Málsatvik, málsástæður og önnur atvik: Stefnandi kveður tryggingarbréf það sem krafist er ógildingar á hafa verið gefið út á Ísafirði, 27. október 2000, af Arnari Kristjánssyni, kt. 010350-4769 og Sigrúnu Baldursdóttur, kt. 070954-4199, fyrir hönd stjórnar Bratts ehf., kt. 540900-2480. Tryggingarbréfið var gefið út til stefnanda, Gísla Jóns Kristjánssonar, kt. 180762-4779. Tryggingarbréfið var innfært í þinglýsingarbók sýslumannsins á Ísafirði þann 3. nóvember 2000 og fékk skjalið þinglýsingarnúmerið A-00842/2000.

Tryggingarbréfið, sem er að fjárhæð kr. 6.000.000, var gefið út til tryggingar á skaðlausri greiðslu á skuldum Bratts ehf. við stefnanda, eða þann sem hann vísaði til, í hvaða formi sem þær skuldbindingarnar væru við útgáfu tryggingarbréfsins eða kynnu síðar að verða og hvort sem um væri að ræða höfuðstól, verðbætur, dráttarvexti eða kostnað. Fjárhæð tryggingarbréfsins var bundin vísitölu neysliverðs, sem við útgáfu bréfsins var 199,5 stig. Samkvæmt tryggingarbréfinu var skipið Ísborg ÍS-250, skipaskrárnúmer 0078 sett stefnanda að veði með 2. veðrétti og uppfærslurétti, til tryggingar þeim skuldum er stæðu að baki tryggingarbréfinu.

Fyrir liggur yfirlýsing af hálfu stefnanda, sem eiganda fyrrgreinds tryggingarbréfs, um að þær skuldir sem tryggingarbréfinu var ætlað að tryggja á sínum tíma séu nú að fullu greiddar, sbr. yfirlýsing stefnanda á dskj. nr. 5. Þá kemur einnig fram í yfirlýsingu stefnanda að hann hafi frá upphafi verið eigandi tryggingarbréfsins og það hafi aldrei verið framselt af hans hálfu til annars aðila, né að það taki til skulda Bratts ehf. gagnvart öðrum en stefnanda. Í yfirlýsingu stefnanda kemur fram að engar skuldir standa lengur að baki tryggingarbréfinu. Frumrit tryggingarbréfsins hefur hins vegar glatast og ekki fundist þrátt fyrir ítrekaða leit og því hefur ekki verið hægt að aflýsa tryggingarbréfinu af skipinu Ísborg ÍS-250, skipaskrárnúmer 0078, en tryggingar-bréfið var upphaflega tryggt með 2. veðrétti og uppfærslurétti í skipinu en er nú tryggt með 1. veðrétti í skipinu. Stefnanda er nauðsynlegt að fá tryggingarbréfið ógilt með dómi, þannig að hægt sé að aflýsa því af skipinu.

Stefnandi vísar um lagarök til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um varnarþing vísast til 2. mgr. 120. gr. sömu laga.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins kveðst stefnandi munu leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

Stefnu þessa.

Skrá yfir framlögð skjöl.

Ljósrit tryggingabréfs, útg. 27. október 2000.

Þinglýsingarvottorð fyrir skipið Ísborg ÍS-250, skipaskrárnúmer 0078.

Yfirlýsing Gísla Jóns Kristjánssonar, dags. 25. september 2015.

Eintak þess Lögbirtingablaðs þar sem stefna þessi birtist.

Áskorun og fyrirkall: Vegna þess stefnist hér með hverjum þeim, sem kann að hafa framangreint tryggingarbréf undir höndum eða telur til réttar yfir því að mæta á dómþingi héraðsdóms Vestfjarða, sem háð verður í dómsal embættisins að Hafnarstræti 9, 2 hæð, Ísafirði, miðvikudaginn 4. nóvember 2015, kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, að sanna rétt sinn til tryggingabréfsins, þar sem ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu og að kröfur stefnanda um ógildingu bréfsins verði teknar til greina.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Ísafirði, 29. september 2015.

Sigríður Elsa Kjartansdóttir dómstjóri.

(2015017631

Útgáfud.: 5. október 2015

Stefna - til ógildingar á tryggingabréfi

Ingimundur Einarsson,

dómstjóri við héraðsdóm Reykjavíkur,

gerir kunnugt: Mér hefur verið tjáð að dánarbú Guðna Þórðarsonar, kt. 240523-4939, Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á tryggingabréfi.

I. Dómkröfur stefnanda: Að sögn stefnanda gerir hann eftirfarandi dómkröfur: Stefnandi krefst þess að ógilt verði með dómi tryggingabréf útgefið af Guðna Þórðarsyni, kt. 240523-4939, þann 18. júní 1999 upphaflega að fjárhæð 6.400.000 kr. með veði í fasteigninni Krummahólum 17, Reykjavík, fastanúmer 204-9324, á 3. veðrétti og með uppfærslurétti, til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuld samkvæmt vixli útgefnum 12. maí 1999 og útgefnum og samþykktum af Guðna Þórðarsyni, kt. 240523-4939. Bréfið var fært í þinglýsingarbækur þann 15. júlí 1999.

II. Málflutningsumboð: Stefnandi kveður Huldu Guðnýju Kjartansdóttur hdl., Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, reka þetta mál fyrir sína hönd.

III. Málsatvik: Stefnandi kveður málsatvik vera með eftirfarandi hætti: Tryggingabréfið er ótímabundið og gefið út til tryggingar greiðslu á skuld samkvæmt vixli. Stefnandi kveður frumrit tryggingabréfsins ekki finnast né vixlinn. Stefnandi hefur ekki getað þrátt fyrir mikla og ítarlega leit fundið hvar eða hver visti bréfið. Með veðbandslausn dags. 7. apríl 2015 hefur Guðni Þór Scheving, kt. 190267-5209, veðhafi skv. tryggingabréfinu, lýst því yfir að engin skuld sé á bak við bréfið. Stefnanda er því nauðsyn á að fá bréfið ógilt með dómi til þess að aflýsa megi veðinu.

IV. Málsástæður og lagarök stefnanda: Stefnandi kveður málsókn sína byggja á 120.-122. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

V. Sönnunargögn og áskilnaður: Stefnandi boðar að hann muni við þingfestingu stefnu leggja fram afrit af framangreindu tryggingabréfi og yfirlýsingu Guðna Þórs Scheving um veðbandslausn.

VII. Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim sem kann að hafa framangreint tryggingarbréf undir höndum eða telur sig geta byggt rétt á því, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102, Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þriðjudaginn 10. nóvember 2015 kl. 10.00 er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar að hlýða og leggja fram gögn að sinni hálfu og sanna rétt sinn til tryggingabréfsins. Ef ekki verður mætt við þingfestingu málsins má hann búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda verði teknar til greina.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 22. september 2015.

Ingimundur Einarsson dómstjóri.

(2015017687

Útgáfud.: 1. október 2015

Auglýsing um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr fjarri til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 30. september 2015.

F.h.r.

Páll Þórhallsson.

Ragnheiður Jónsdóttir.

(2015017578

Lögbirtingablað,

82. tölublað 2015.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vík,

Anna Birna Þráinsdóttir.